

Ár 1978, mánudaginn 3. júlí, var í málinu nr. 1/1978  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 11. febrúar 1978, kærði Andlegt Þjóðráð Bahá'ía á Íslandi álagningu fasteignaskatts á fasteignina Óðinsgötu 20, þar sem þjóðráðið telur fasteign þessa njóta undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Í bréfinu er tekið fram, að undanfarin ár hafi fasteignaskattur verið greiddur af húseign þessari, enda hafi íbúð á neðri hæð hússins verið leigð út á hinum almenna leigumarkaði. Síðasti leigjandinn hafi flutt úr þessu húsi í apríl 1976, og hafi húsið síðan þjónað upphaflegu ætlunarverki sínu sem félagsheimili Bahá'ía samfélagsins á Íslandi. Í húsinu séu nú tveir fundarsalir, bókasafnsherbergi og bókageymsla, aðstaða til prentunar, gestaherbergi o.þ.h.

Bahá'íasöfnuðurinn nýtur viðurkenningar hér á landi sem trúfélag samkvæmt lögum nr. 18/1975 um trúfélög. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er umrædd húseign eingöngu nýtt til samkomuhalds, útgáfu rita, geymslu rita og annarrar starfsemi trúfélagsins. Verður því að telja, að fasteignin sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. tl. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fasteignin Óðinsgata 20 í Reykjavík er undanþegin fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson



Magnús Thoroddsen



Guðmundur Magnússon